

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365/2014 um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 2. tl. svohljóðandi:

2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1844 frá 13. júlí 2015 að því er varðar tæknilega framkvæmd á Kýótóbókuninni eftir 2012 sem vísað er til í tölulið 21ana, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2015 frá 30. október 2015, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 977–982.

2. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1844 frá 13. júlí 2015 að því er varðar tæknilega framkvæmd á Kýótóbókuninni eftir 2012 sem vísað er til í tölulið 21ana, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2015, frá 30. október 2015.

3. gr.

Lagastof og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stof í 22. gr. g. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. desember 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Helga Jónsdóttir.